

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flutning á hættulegum farmi, nr. 192 27. mars 1998.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Til 31. desember 2009 er skráningarstofu ökutækja heimilt að undanþiggja ökutæki sem skráð voru fyrir 31. desember 1998 og notuð hafa verið til að flytja hættulegan farn skv. ákvæðum um viðurkenningu samkvæmt ADR-reglum á farmgeymi og ákvæðum ADR-reglna um sérstaka vörn á rafleiðslum, sérstaka raftengingu við ökurita, vörn fyrir farmgeymi, læsivörn á hemlum og aukahemla (útblasturshemla og/eða drifskafthemla), enda uppfylli ökutækið ákvæði reglugerðar um gerð og búnað ökutækja. Slíkum búnaði, sem fyrir er á ökutæki sem flytur hættulegan farn, skal haldið við þannig að hann sé í fullkomnu lagi.

Eftirvagn, sem ekki er búinn hemlum með læsivörn og er meira en 10.000 kg að leyfðri heildarþyngd, er óheimilt að tengja við bifreið sem búin er hemlum með læsivörn.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um ökutæki sem eru í fjölpjódlegri umferð.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 1. mgr. 60. gr. og 5. mgr. 73. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. mars 1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. febrúar 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti, með breytingum skv. reglugerðum nr. 588/1996 og 375/1997.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. 2. tölul. 2. mgr. orðast svo: Aðila sem skráðir eru samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign.
- b. Við 2. mgr. bætast tveir nýir töluliðir er verða 7. og 8. tölul. og orðast svo:
 1. Hlutafélaga skv. lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og samvinnufélaga skv. lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög.
 2. Aðila sem eru að endurhefja starfsemi, þ.e. hafa áður verið skráðir á virðisaukaskattskrá vegna sömu eða sams konar starfsemi og gert upp skv. 1. gr.
- c. 5. mgr. orðast svo:

Aðila sem gerir upp virðisaukaskatt skv. 1. mgr. er heimilt að gera skil á virðisaukaskatti viðkomandi árs á gjaldþaga þess almenna uppgjörstímabils sem starfsemi lýkur á.